

STF-2016-05 Hjólaferðir allt árið/Kind Adventure

Markmiðið er tvíþætt, annars vegar að geta boðið upp á nýja tegund af afþreyingu fyrir ferðamenn sem heimsækja Skaftárhrepp yfir bæði sumar og vetrartímann og hins vegar að skapa heilsársatvinnu fyrir heimamenn. Fyrirtækið Kind Adventure sérhæfir sig í hjólaferðum í Skaftárhreppi og núna að fyrsta starfsári loknu var ákveðið að fjárfesta í nýjum hjólum, svokölluðum Fatbikes, sem opnar möguleikann á að gera hjólaferðir að heilsársafþreyingu. Þetta skapar eigendunum tveimur aukna vinnu og vonandi auka starfsmanni sumarið 2017.

Ótalmörg tækifæri eru í ferðapjónustunni um þessar mundir og teljum við mjög mikilvægt að vandað sé til verka þegar kemur að því að markaðssetja landið okkar. Við viljum einbeita okkur að persónulegri þjónustu, minni hópa (hámark 6-8) í ferð og veita ákveðna upplifun í því að ferðast með heimamönnum, segja sögur og bjóða upp á mat úr héraði.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.000.000.- árið 2016.